

Miðvikudaginn 25. september 1946.

Nr. 19/1946. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Eigendum Alþýðublaðsins

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson.)

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans
Hallvarðssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1946, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fégetann að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður útgáfu Alþýðublaðsins, eins og henni nú er háttað, eðlilegan þátt í stjórnmalastarfsemi Alþýðuflokksins, sem gefur blaðið út, en ekki raunverulegt atvinnufyrirtæki. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fégetaréttar Reykjavíkur 23. nóv. 1945.

Gerðarþola, Alþýðublaðinu hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1944, kr. 1100.00, og fyrir ár 1945, kr. 1000.00. Þar eð útsvör þessi hafa eigi fengizt greidd,

hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að þau yrðu innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Kröfur sínar byggir umboðsmaður gerðarþola á því, að hann (gerðarþoli) sé samkvæmt 6. gr., A. II. 2. b., laga um útsvör nr. 106 frá 23. júní 1936 undanþeginn útsvarsskyldu, þar eð það ákvæði nái til stjórnmalafélaga, en Alþýðublaðið sé ekki sjálfstætt fyrirtæki, heldur sé það gefið út af Alþýðuflokknum, og öll útgjöld og tekjur í sambandi við rekstur blaðsins séu greidd úr eða renni í flokkssjóð. Þá hefur og umboðsmaður gerðarþola bent á, að á umræddu ári (1943) hafi orðið verulegur rekstrarhalli á blaðinu, og hefur hann lagt fram í rskj. nr. 6 rekstrarreikning blaðsins fyrir árið 1943 til 31. desember það ár.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að enda þótt stjórnmalasamtökin Alþýðuflokkurinn sé undanþegin útsvarsskyldu samkvæmt 6. gr. II b. útsvarslaganna, þá nái sú undanþága ekki til hvers konar almenns atvinnurekstrar, sem slíkur félagsskapur kunni að stofna til, þar á meðal ekki til blaðaútgáfustarfsemi, sem sé útsvarsskyld eftir almennum reglum, enda hvergi undanþegin útsvarsskyldu að lögum. Með skirskotan til þessa hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda haldið fast við kröfu sína um lögtak.

Gerðarþoli hefur áskilið sér rétt til endurgreiðslu á kr. 500.00, er hann hefur greitt upp í útsvar 1944, enda er það in confesso í málinu, að hann hafi greitt upphæð þessa með fyrirvara.

Aðiljar lögðu atriðið undir úrskurð réttarins.

Í 6. gr. II 2. b. útsvarslaganna eru talin upp þau félög, er undanþegin eru útsvarsskyldu, og eru stjórnmalafélög þeirra á meðal. Eins og umboðsmaður gerðarþola hefur tekið fram, er Alþýðublaðið ekki sjálfstætt fyrirtæki, heldur haldið úti af Alþýðuflokknum, sem ber hallann af því eða nýtur tekna af því, ef um er að ræða. Það er vitanlegt, að blaðið er fyrst og fremst stjórnmalablað flokksins og þar af leiðandi einn þáttur í stjórnmalastarfsemi hans. Enda þótt blaðið hafi einhverjar tekjur, svo sem af auglýsingum eða þ. h., þá breytir það í engu afstöðu blaðsins til stjórnmalaflokksins eða hefur það þau áhrif, að á það verði litið sem sérstætt fyrirtæki, enda er það ljóst af því, sem fyrir liggur í málinu, að rekstrarhalli blaðsins árið 1943 hefur verið borinn af Alþýðuflokknum sem slíkem. Rétturinn verður því að fallast á, að Alþýðublaðið sé ekki sjálfstætt fyrirtæki, heldur aðeins þáttur í stjórnmalastarfsemi Alþýðuflokksins og haldið úti fyrir hans reikning, og beri því að líta svo á, að það falli undir undanþágúákvæði 6. gr. II 2. b. útsvarslaganna. Þykir því verða að neita um framgang hinnar um-

beðnu lögtaksgerðar, en eftir atvikum verður málskostnaðarkrafa gerðarpóla ekki tekin til greina.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á ekki fram að ganga.

Málskostnaðarkrafa gerðarpóla er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 27. september 1946.

Kærumálið nr. 12/1946. H/f Sæfinnur

gegn

**Bæjarstjóranum í Neskaupstað f. h. bæjar-
sjóðs.**

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Frestun máls.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru, dags. 1. júlí þ. á., sem hingað barst 12. ágúst s. á., kærir sóknaraðili málskostnaðarákvæði úrskurðar fógætadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu, sem upp var kveðinn 24. júní í lögtaksmáli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 14. þ. m. til þingfestingar í desembermánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áður nefnt áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framan-
skráðu.